

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Stefna Landssamtaka Íslenskra Stúdentar um jafnrétti í íslensku háskólasamfélagi



Jafnréttisstefna Landssamtaka Íslenskra Stúdentar
Um jafnrétti í íslensku háskólasamfélagi

2. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Bifröst
6. mars 2021

Landssamtök Íslenskra Stúdentar
Borgartún 6, 105 Reykjavík
lis@studentar.is
studentar.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Stefnumótun háskóla og yfirvalda	3
2. Jafnt aðgengi að námi	3
2.1. Hvað er aðgengi?	4
2.2. Aðgangsstýringar	4
2.3. Þátttökuhugmyndafræði	4
2.4. Húsnæðismál háskólanna	5
2.5. Fjárhagslegt jafnrétti	5
2.5.1. Húsnæðismál stúdenta	5
2.5.2. Lánasjóður íslenskra námsmanna	5
3. Fjölbreytileiki	6
3.1. Félagsleg vídd	6
3.2. Jafnrétti kynjanna	6
3.3. Hinsegin málefni	7
3.3.1. Hinsegin stúdentar	7
3.3.2. Kynjatvíhyggja	8
3.4. Málefni fatlaðra stúdenta	8
3.5. Foreldrar í námi	8
4. Kennsla og kennsluefni	9
4.1. Kennsluaðferðir, kennsluhættir og menntun kennara	9
4.2. Fjarkennsla og sveigjanlegt nám	9
4.3. Kennsluefni	10
5. Heilsa	10
5.1. Andleg heilsa	10
5.2. Líkamleg heilsa	11
5.3. Veikindi stúdenta	11

1. Inngangur

Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun samfélags og hafa bein og óbein áhrif á hvern einstakling sem tilheyrir því. Tækifæri allra sem kjósa að stunda háskólanám eiga að vera jöfn. Háskólar og menntayfirvöld skulu tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi og jafnframt verða allir hagaðilar háskólasamfélagsins að gangast við því að fulls aðgengis njóti ekki við í dag og móta sér stefnu í jafnréttismálum til að svo megi verða.

1.1. Stefnumótun háskóla og yfirvalda

Allir háskólar eiga að hafa eigin jafnréttisstefnu þar sem unnið er að uppbyggingu starfsemi skólans með jafnrétti að leiðarljósi. Háskólarnir eiga að taka tillit til sinnar stöðu í samfélaginu og vera í fararbroddi þegar kemur að jafnréttismálum og framfylgni þeirra. Þessar stefnur þarf að uppfæra með reglulegu millibili til þess að tryggja að þær fylgi örum breytingum í vaxandi samfélagi.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti á að marka sér heildstæða menntastefnu en sér í lagi stefnu fyrir háskólakerfið. Sú stefna á að taka tillit til jafnréttissjónarmiða í hvívetna, en henni á einnig að fylgja sérstök aðgengisáætlun fyrir háskólakerfið (*e. National Access Plan*) til þess að hægt sé að marka þau skref sem þarf að taka til þess að tryggja jafnt og opið aðgengi að háskólamenntun. Menntastefnu og aðgengisáætlunin skal skrifa í fullu samráði og samstarfi við stúdenta til þess að tryggja hagsmuni þeirra og sjónarmið.

2. Jafnt aðgengi að námi

Háskólanám á að vera opið öllum, óháð aldri, efnahag, félagslegum aðstæðum, búsetu, fötlun, litarhafti, kyni, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kynþætti, skoðunum, trú, uppruna, veikindum eða annarri stöðu. Jafnt aðgengi felst ekki einungis í því að tryggja aðgengi að námi, heldur einnig á meðan námi stendur. Aðgengi stúdenta að kennsluefni og fyrirlestrum er lykilskref að því að tryggja jafnrétti til náms meðal annars m.t.t. langtímaveikinda, fötlunar eða búsetu. Rafrænt aðgengi er þar grundvallaratriði. Háskólabyggingar, umhverfi háskóla og viðburðir á vegum háskóla og stúdentafélaga þurfa því sömuleiðis að vera aðgengileg öllum. Aðgengi að háskólanámi er á margan hátt ábótavant á Íslandi og er nauðsynlegt að háskólayfirvöld og stjórnvöld ráðist í úrbætur svo um muni. Gott aðgengi á ekki að vera tilfallandi viðbragð við einstökum málum, heldur skal það ávallt vera tryggt.

2.1. Hvað er aðgengi?

Undirstaða jafnréttis er aðgengi en það er hugtak sem lýsir hve vel umhverfi þjónar þörfum hvers og eins einstaklings. Gott aðgengi þjónar því sem breiðustum hópi fólks. Aðgengi getur bæði verið áþreifanlegt og óáþreifanlegt og þarf að hafa það í huga í hvívetna, hvort heldur sem kemur að húsnæðismálum háskólanna, námsefni, orðræðu eða fleiri atriðum. Mikilvægt er að taka það fram að aðgengi er aldrei uppfyllt heldur þarf það að vera í stöðugri endurskoðun af öllum hagaðilum háskólasamfélagsins. Laga þarf aðgengi að fjölbreyttum þörfum fólks.

2.2. Aðgangsstýringar

Aðgangsstýring er leið til þess að stjórna fjölda stúdenta í ákveðnum námsleiðum. Aðgangsstýringum ætti aldrei að vera beitt til að bæta fjárhagslega stöðu háskóla. Þær fara meðal annars fram með þeim hætti að umsækjendur sýni fram á hæfni í viðeigandi námi en það er til dæmis gert með inngangsprófum. Háskólar skulu tryggja jafnt aðgengi að slíkum prófum með því að hafa ýmis sérúrræði í boði líkt og aukinn próftíma og að umsækjendur geti þreytt próf á fleiri tungumálum en íslensku. Markmið með aðgangsstýringu þarf að vera skýrt og háskólar bera ábyrgð á því að kanna áhrif hennar og hvort hún hafi skilað tilskildum árangri.

2.3. Þátttökuhugmyndafræði

Þátttökuhugmyndafræði (e. inclusion) felst í einbeittum og virkum vilja til þess að veita öllum jöfn tækifæri til þátttöku í hvers kyns starfi og að tekið sé tillit til ólíkra hópa í hvívetna. Grípa þarf til aðgerða ef kerfislægur hindranir eru fyrir hendi eða þörf á sérstökum stuðningi við einstaka hópa. Háskólar á Íslandi eiga að tileinka sér þátttökuhugmyndafræði í sinni starfsemi, til dæmis með því fyrsta skrefi að endurskoða einsleitan hóp stúdenta sem prýðir kynningarefni þeirra.

Algennt er að þau sem eru í forsvari í umræðunni í samfélaginu myndi einsleitan hóp og það er ekki síður algengt innan háskólasamfélagsins sem og í hagsmunabaráttu stúdenta. Mikilvægt er að stúdentahreyfingar, og aðrir aðilar innan háskólasamfélagsins, veiti minnihlutahópum vettvang og hljómgrunn þegar fjallað er um, eða teknar eru ákvarðanir, um málefni þeirra. Jafnframt er mikilvægt fyrir forystuaðila að huga að aðgengi að starfi stúdentahreyfinganna fyrir alla hópa háskólasamfélagsins. Mikilvægt er að hvers kyns jaðarhópar og minnihlutahópar fái tryggt innlegg í umræðuna og ákvarðanatöku. Sterkar fyrirmyndir sem skipa fjölbreyttan hóp geta skipt sköpum í því að auka félagslega vídd innan háskólasamfélagsins. Með tilliti til þess þarf að tryggja aðgengi ólíkra samfélagshópa að háskólanámi og hvers kyns starfsemi þar fyrir innan.

Í anda þátttökuhugmyndafræði er mikilvægt að passa upp á öráreitni. Samkvæmt Hinsegin Ö til A má skilgreina öráreitni (e. microaggressions) sem „hversdagslegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþætti sem eru niðrandi eða niðurlægjandi fyrir fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum og eiga sinn þátt í jaðarsetningu þess“. Forðast skal öráreitni eftir bestu getu innan starfi LÍS vegna þess að hegðun sem sýnist vera lítilvæg getur haft neikvæð áhrif.

2.4. Húsnæðismál háskólanna

Tryggja þarf að háskólabyggingar og umhverfi háskólanna sé aðgengilegt. Við hönnun nýbygginga skal ávallt gert ráð fyrir bæði sjáanlegu og ósjáanlegu aðgengi. Háskólar skulu tryggja að stúdentar, akademískt starfsfólk og aðrir séu ekki einungis færir um að starfa innan bygginga heldur að vellíðan þeirra sé tryggð. Vinna þarf hnitmiðað að úrbótum á eldri byggingum en nauðsynlegt er að háskólar tryggi að þar njóti fulls aðgengis líkt og í nýrri byggingum. Sömu skilyrði eiga við umhverfi háskóla, en öll aðkoma þeirra þarf að uppfylla ströngustu kröfur um aðgengi. Yfirlitskort bygginga með upplýsingar um aðgengi þeirra ætti að vera við innganga og skýrar merkingar og vegvísar á íslensku, ensku og með blindralettri. Þrýsta Bæta þarf aðgengi fræðslusetra á landsbyggðinni.

2.5. Fjárhagslegt jafnrétti

Tryggja þarf að stúdentar geti stundað nám sitt óháð fjárhagslegri stöðu. Þetta er hægt að tryggja bæði með góðu framboði af stúdentahúsnæði á viðráðanlegu verði sem og traustri aðstoð frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN. Þetta er ein forsenda félagslegs jöfnuðar meðal stúdenta.

2.5.1. Húsnæðismál stúdenta

Tryggja þarf möguleika stúdenta á stúdentahúsnæði eða húsnæði á leigumarkaði. Mikill minnihluti stúdenta fær úthlutað stúdentahúsnæði, því þurfa sveitarfélög og leigufélög stúdenta að vinna hnitmiðað að aukinni uppbyggingu og framboði stúdentahúsnæðis í návígi við háskóla. Þar þarf einnig að hafa í huga aðgengi bygginga, en mikilvægt er að tryggja að allir stúdentar geti fengið úthlutað húsnæði sem uppfyllir þeirra þarfir. Taka þarf tillit til félagslegrar stöðu stúdenta við forgangs röðun á úthlutun húsnæðis.

2.5.2. Lánasjóður íslenskra námsmanna

LÍN er félagslegur jöfnunarsjóður og nauðsynlegt er að hann uppfylli hlutverk sitt sem slíkur. LÍN skal veita stúdentum hérlandis sem og íslenskum stúdentum erlendis þann möguleika að geta stundað háskólanám að fullu. Framfærslulán LÍN ættu alltaf að miða við fulla grunnframfærslu neysluviðmiða Velferðarráðuneytisins að lágmarki. Þá þarf að endurskoða útreikninga framfærslugrunns svo hann endurspeglir raunverulegar aðstæður stúdenta. Til þess að standast samkeppni við nágrannalönd Íslands skal LÍN taka upp styrkjakerfi.

3. Fjölbreytileiki

Háskólar á Íslandi eiga að fagna fjölbreytileika innan sinna veggja og sjá til þess að tækifæri allra til þátttöku séu tryggð. Mikilvægt er að fjölbreytileiki samfélagsins endurspeglit í námsefni, starfsfólki, fulltrúum stúdenta og í kynningarefni skólanna. Orðræða og gjörðir sem stafa af fordómum eða hatri eiga að vera með öllu ólíðanleg í íslensku háskólasamfélagi. Nauðsynlegt er að til staðar séu viðbragðsáætlanir og úrræði fyrir alla einstaklinga sem verða fyrir áreitni eða árásum af nokkru tagi. Í öllum skólum á að starfa trúnaðarfólk sem stúdentar geta leitað til.

Styðja þarf við jaðar- og minnihlutahópa innan háskólasamfélagsins með því að veita þeim greiðan aðgang að úrræðum og stuðningi. Þörf er á þarfagreiningu meðal stúdenta svo hægt sé að bjóða upp á einstaklingsmiðuð úrræði.

Mikilvægt er að hafa samþætta mismunun (e. intersectionality) í huga, en eðli fjölbreytts samfélags er að einstaklingar geta tilheyrt fleiri en einum minnihlutahóp. Taka þarf tillit til og mið af samþættri mismunun í uppbyggingu opins og aðgengilegs háskólasamfélags.

3.1. Félagsleg vídd

Félagsleg vídd (e. *Social dimension*) gefur til kynna þann fjölbreytileika sem til staðar er í samfélaginu. Félagsleg vídd í háskólasamfélaginu þýðir að þar endurspeglit þverskurður samfélagsins. Miðað við þann fjölbreytileika sem finnst í íslensku samfélagi er það ekki raunin að stúdentahópurinn endurspegli samfélagið hér á landi. Jafnt aðgengi að námi er ekki raunverulega uppfyllt nema að stúdentahópurinn endurspegli samfélagið með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að skoða þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingar stundi nám. Til þess að hægt sé að móta stefnur með upplýstum hætti er undirstöðuatriði að haldbærar upplýsingar um stúdentahópinn séu til staðar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er skuldbundið til að safna lykilupplýsingum um starfsemi háskólanna. Þessar upplýsingar eiga að vera opinberar eins og stefnt var að þegar söfnun þeirra hófst. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til jafnréttis og fjölbreytileika í söfnun upplýsinga og að ekki gæti hlutdrægni eða fordóma á neinn máta.

3.2. Jafnrétti kynjanna

Kyn er hugtak sem skilgreint er af samfélaginu og stafar af fjölda samfélagslegra, pólitískra, félagslegra og sálfræðilegra vídda. Til eru fleiri en tvö kyn, ólíkt því sem hin rótgróna kynjatvíhyggja bendir til. Öllum stúdentum á að vera frjálst að skilgreina sitt kyn eftir sinni kynvitund, óháð því kyni sem úthlutað er við fæðingu.

Sú staðreynd að kynjajafnrétti hefur ekki verið náð hefur áhrif á háskólasamfélagið og endurspeglast það fyrst og fremst í ójöfnu kynjahlutfalli. Konur eru í meirihluta í stúdentahópnum, en ekki er það hlutfall jafnt þvert á allar deildir og greinar háskólanna. Á móti kemur að karlar eru í meirihluta á meðal akademísks starfsfólks, sem gefur til kynna að konur eigi erfiðar uppdráttar í fræðaheiminum. Augljóst er að efla þarf konur í raungreinum og að brjóta þarf niður staðalímyndir kynja þvert á háskólasamfélagið. Sama á við um að efla karla í greinum líkt og kennslufræðum og heilbrigðisvísindum.¹ Þetta er unnt að framkvæma með því að gera fyrirmyndum hátt undir höfði og með snemmtækum aðgerðum þar sem meðal annars farsæld karla í námi er tryggð strax á fyrri skólastigum. Slíkar aðgerðir hafa bein áhrif á þann hóp sem síðar verður stúdentahópurinn. Hnitmiðuð stefnumótun í háskólasamfélaginu, þá fyrst og fremst hjá stjórnvöldum, er grunnatriði þess að jafnrétti kynja sé þar náð.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni og kynbundið og kynferðislegt ofbeldi er með öllu óásættanlegt. Nauðsynlegt er að háskólasamfélagið taki kynbundna og kynferðislega áreitni og kynbundið og kynferðislegt ofbeldi föstum tökum. Mikilvægt er að fræðsla og vitundarvakning eigi sér stað. Þetta er í höndum allra hagaðila háskólasamfélagsins, einna helst háskólanna og stúdentafélaga. Ferli og úrræði þurfa að vera til staðar innan háskóla til þess að bregðast við slíkum málum.

3.3. Hinsegin málefni

3.3.1. Hinsegin stúdentar

Tryggja þarf að háskólasamfélagið sé í stakk búið til þess að taka á móti hinsegin stúdentum með opnum örmum og að þeim sé ekki mismunað. Undir þetta fellur að kennarar og akademískt starfsfólk hafi fengið fræðslu í hinsegin málefnum. Háskólar skulu vinna að því að gera fræðslu um hinsegin málefni að skyldu fyrir alla kennara innan skólanna. Allir stúdentar eiga að upplifa öryggi í sínu námsumhverfi og hafa frelsi til þess að tjá sig og sína kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyngervi. Nauðsynlegt er að háskólar tryggi að til staðar séu aðgerðaráætlanir ef mismunun og/eða ofbeldi, hvort sem það er í orði eða framkvæmd, kemur upp. Háskólar skulu vinna markvisst að því að tryggja salerni fyrir öll kyn. Slík salerni eru gífurlega mikilvæg fyrir trans einstaklinga en geta einnig gagnast foreldrum með ung börn, eldra fólki eða einstaklingum sem þurfa á aðstoð að halda, mögulega af aðstoðarmanneskju af öðru kyni. Tryggja þarf að rödd

¹ Mennta og menningarmálaráðuneyti, *Skýrsla um stöðu íslenskra háskólanema: aðgengi efnahagur og tækifæri til náms* (Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2018), 3.

hinsegin stúdenta heyrir í ákvarðanatöku víðs vegar í háskólum og þess vegna mikilvægt að stúdentafélög tryggi aðkomu þeirra.

3.3.2. Kynjativhyggja

Uppræta þarf kynjativhyggju í námsefni og kennslu. Kynjativhyggja er eins og nafnið bendir til, sú hugmynd að aðeins séu til tvö kyn og hvort kynið um sig lýsi kyngervi einstaklinga. Kynjativhyggja birtist alls staðar í samfélaginu og þar með í háskólasamfélaginu. Stúdentar eiga að hafa ákvörðunarvald yfir sínu nafni og persónufornafni innan allra háskóla, því ætti að vera hægt að skrá þær upplýsingar í innra neti háskólanna. Öll skráningarform á vegum háskóla þar sem gera þarf grein fyrir kynvitund skulu vera þess eðlis að hægt sé að velja aðra valmöguleika en karl eða kona. Ekki skal miða tungumál innan háskólanna að rótgróinni kynjativhyggju.

3.4. Málefni fatlaðra stúdenta

Fötlun felst ekki í eiginleikum einstaklings heldur þeim aðstæðum sem hann er settur í enda býr hamlandi umhverfi einstaklingi hömlur. Taka þarf sérstakt tillit til hreyfihamlaðra og sjónskertra þegar litið er til aðkomu að byggingum. Vegvísar, loftlýsing, hurðabreidd og fleira þarf allt að vera í samræmi við reglugerðir. Einnig er nauðsynlegt að tryggja rafrænt aðgengi en það felst í því að upplýsingar á rafrænu formi séu einfaldar og auðlæsilegar.

Staða fatlaðra stúdenta er mismunandi eftir því hvort fatlanir þeirra eru sýnilegar eða ósýnilegar en tryggja þarf að þeim sé ekki mismunað og tekið sé jafnt tillit til einstaklinga óháð sýnileika fötlunar.

3.5. Foreldrar í námi

Samanborið við hin Norðurlöndin er hærra hlutfall stúdenta hér á landi sem á eitt barn eða fleiri.² Stúdentum með börn á að vera kleift að stunda nám á Íslandi án vandkvæða. Það er ólíðandi að foreldrar neyðist til þess að segja sig úr námi vegna fjárhagsstöðu. Nauðsynlegt er að fæðingarstyrkur stúdenta verði hækkaður. Fæðingarstyrkur ætti ekki teljast til tekna hjá LÍN og skerða þannig framfærslu foreldra. Sömuleiðis á framfærsla barna ekki að vera háð námsframvindu foreldra þeirra. Foreldrum ætti að vera kleift að sækja um tilslökun á námsframvindu kröfum fyrst eftir barnsburð og á meðan á meðgöngu stendur. Einnig þurfa háskólar að taka tillit til verðandi foreldra og tryggja sveigjanleika svo að meðganga komi ekki niður á námsframvindu þeirra. Undir þetta fellur til dæmis að gefa undanþágu frá mætingarskyldu

Þegar mæta þarf á heilsugæslu, til dæmis til þess að sækja mæðraskoðun. Til staðar þurfa að vera samræmdar reglur þegar að þessu kemur svo að undanþágur fari ekki eftir geðþóttaákvörðunum. Háskólar ættu að stefna að því að hafa sveigjanlegt námsfyrirkomulag. Það felur meðal annars í sér að koma til móts við ólíkar þarfir stúdenta við skipulagningu á stundatöflum og aðgengi námsgagna. Foreldrar í námi ættu að eiga kost á rafrænum námsgögnum forfallist þau vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Öll sveitafélög eiga að niðurgreiða jafnt fyrir leikskólaláss barna stúdenta. Vinna þarf að því að ungbarnaleikskólar séu opnaðir á vegum hagaðila innan háskólasamfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja að aðstaða í háskólum geri ráð fyrir því að foreldrar í námi geti tekið börnin sín með sér í skólann. Til dæmis ætti að vera til staðar skiptiaðstaða í öllum háskólum inni á klósettum sem aðgengileg eru öllum kynjum.

Stúdentar með fjölskyldur hafa oft minni tök á því að sækja viðburði tengda félagslífinu og því ættu öll stúdentafélög að leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla og tryggja fjölbreytni viðburða.

4. Kennsla og kennsluefni

4.1. Kennsluaðferðir, kennsluhættir og menntun kennara

Tryggja ætti að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og kennarar eiga að vera færir um að koma til móts við mismunandi þarfir stúdenta. Þjóða þarf því upp á fræðslu í kynjafræði, hinseginmálum og fötlunarmálum fyrir kennaranema sem stuðlar að víðsýni og aukinni yfirsýn yfir þarfir stúdenta. Einnig ætti að leggja áherslu á endurmenntun kennara svo að þekking þeirra og hæfni haldist í takt við samfélagslegar þróanir og breytingar.

Háskólar bera ábyrgð á því að fyrirlestrar séu teknir upp og textaðir fyrir heyrnar- og sjónskerta stúdenta og að gott aðgengi sé að hljóðbókum. Einnig þarf að vera möguleiki á túlkabjónustu, þar með talið táknmálastúlkun.

4.2. Fjarkennsla og sveigjanlegt nám

Nauðsynlegt er að auka aðgengi fjarnema að háskólanámi til þess að þeir standi jafnfætis staðarnemum. Til að mynda ættu upptökur af öllum kennslustundum að vera aðgengilegar öllum stúdentum. Einnig ættu háskólar að fjárfesta í notendavænum aðbúnaði og tækni sem eykur gæði fjarnáms. Stefna ætti að því að aðgengi fjar- og staðarnema verði jafnt.

4.3. Kennsluefni

Allt kennsluefni sem notast er við í háskólum þarf að líta gagnrýnum augum með það í huga að sjónarhorn og saga annarra heimshluta sem og samfélagslegra minnihluta og kvenna hefur gjarnan setið eftir eða jafnvel gleymst. Tryggja þarf að í kennsluefni sé farið í saumana á fjölbreytileika samfélagsins og sögu þess. Undir þetta fellur að fjallað sé um sögu kvenna og minnihlutahópa. Stúdentar þurfa að vera í stakk búnir til þess að takast á við fjölbreytileika samfélagsins, því þarf námsefni að gera ráð fyrir því.

Íslensk málnotkun er einkar karllæg og því miðast orðræða samfélagsins sjálfkrafa út frá sjónarhorni hins karllæga. Þar sem uppbygging tungumálsins er í eðli sínu karllæg er mikilvægt að námsefni miðist að því að uppræta þetta hugarfar og höfði til allra hópa.

5. Heilsa

Heilsa stúdenta nær yfir alla þá þætti sem snúa að lífskjörum þeirra. Góð líkamleg og andlega heilsa stúdenta getur skipt sköpum fyrir námsframvindu þeirra. Notast ætti við viðeigandi rannsóknir á heilsu stúdentahópsins þegar skoðað er hvað fyrirbyggir heilsutap og hvað stuðlar að góðri heilsu.

Til að tryggja að allir stúdentar hafi jöfn tækifæri á þátttöku í háskólasamfélaginu er nauðsynlegt að veita heilbrigðisþjónustu sem er aðgengileg stúdentum. Það er einnig mikilvægt að horfa á heilsu í tengslum við heildar námstímabil. Aðgangur að góðri heilbrigðisþjónustu fyrir stúdentu í upphafi háskólanáms getur hjálpað til við að koma í veg fyrir heilsuvandamál síðar. Sveitarfélögum ber að hafa upplýsingar um heilbrigðisþjónustu aðgengilegar.

Fræðsla er einn lykilþáttur forvarna hvað varðar andlega og líkamlega heilsu stúdenta. Máli skiptir að fræðslan nái til þeirra sem henni er ætlað og framsetning hennar vönduð. Auka þarf samstarf hagaðila, stúdentafélaga og háskóla við gerð og kynningu á fræðslu og úrræðum, sem dæmi mættu háskólar taka meiri þátt í að kynna upplýsingaveitur á borð við Réttinda-Ronju.

5.1. Andleg heilsa

Allir stúdentar eiga að hafa aðgang að geðheilbrigðisþjónustu. Það stuðlar að aukinni lýðheilsu stúdentahópsins og spornar við brotthvarfi úr námi. Innan veggja háskólanna ætti að bjóðast gjaldfrjáls sálfræðiþjónusta sem gæti nýst sem fyrsta úrræði. Háskólar skulu veita upplýsingar um hvert sé hægt að leita í nærumhverfi og innan sveitarfélaga ef stúdentar þarfnast frekari úrræða. Það er hlutverk stjórnvalda og háskóla á Íslandi að auka aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu. Fjárhagsleg byrði sálfræðiþjónustu er óásættanlegt álag á þá stúdentu sem

þarfnast þeirrar þjónustu, því þarf að gæta að því að fjárhagur standi aldrei þar í vegi. Einnig er mikilvægt að tryggja að samfélagsleg umræða um geðheilbrigði sé opin og sporni við fordómum.

5.2 Neyðarástand

Háskólar skulu vera með viðbragðsáætlanir um hvers kyns neyðarástand sem ógnar heilsu stúdenta til að takast á við þær hindranir sem gætu komið í veg fyrir jafnt aðgengi allra að námi. Háskólar skulu einnig taka tillit til þess að hindranir geta verið líkamlegar sem og andlegar

5.3. Líkamleg heilsa

Æskilegt er að háskólar séu með hreyfisaðstoð sem stúdentar geta nýtt sér að kostnaðarlausu. Hreyfing er mikilvæg fyrir bæði andlega og líkamlega heilsu og því þarf að efla möguleika á henni innan háskólasamfélagsins. Starfs- og lærdómsaðstaða akademískts starfsfólks og stúdenta má ekki vera til þess að hún hafi neikvæð áhrif á stoðkerfið. Huga þarf að heilsueflandi þáttum við uppbyggingu og skipulag háskólasvæða sem og fjölbreyttu og næringarríku fæðuúrvali. Sporna þarf við heilsuspillandi áhrifum mengunar, á háskólasvæðum í samvinnu við skipulagsyfirvöld. Auka þarf umhverfisvitund akademískts starfsfólks og stúdenta, meðal annars með því að hvetja til aukinnar notkunar á umhverfisvænni og heilsusamlegri ferðakostum en einkabifreiðum, t.d. almenningssamgöngum, hjólreiðum eða göngu, til að draga úr útblæstri og svifryksmengun. Til þess þurfa stjórnvöld og sveitarfélög að efla almenningssamgöngur til þess að gera fleirum kleift að nýta sér þær.

5.4. Veikindi stúdenta

Háskólar eiga að koma til móts við stúdentar sem veikjast til lengri eða styttri tíma með sveigjanlegu námsmati og mætingarskyldu. Stúdentar sem verða veikir eiga rétt á að fresta prófum, hvort sem þau eru inn á miðri önn eða lokapróf. Eins eiga stofnanir sem reka stúdentahúsnæði, sem og LÍN, að taka tillit til veikinda stúdenta og vera fær um að koma til móts við þá er kemur að óuppfylltum kröfum um einingafjölda vegna alvarlegra veikinda. Óöryggi sem fylgir húsnæðisleysi eða fjárhagsörðugleikum gengur nærri stúdentum og getur orðið til brotthvarfs eða aukinna veikinda.